

Stofnanasamningur
Skógræktarfélags Íslands (SÍ) og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)
 skv. ákvæðum 2 greinar kjarasamnings FÍN og SÍ, dags. 29. maí 2006

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem ráðnir eru til starfa hjá Skógræktarfélagi Íslands (SÍ). Samningurinn er hluti kjarasamnings FÍN og SÍ, dags. 29. maí 2006.

2. Skilgreining starfa og grunnröðun.

Störf eru flokkuð í launaflokka í samræmi við viðvarandi verk svið eða starfslýsingu.

Launaflokkar

<i>A-I</i>	<i>Aðstoðamaður.</i> Nemi með aukaaðild að FÍN, sem lokið hefur að minnsta kosti 30 einingum til háskólagráðu. Fyrir hverjar 30 einingar til viðbótar bætist við 1 launaflokkur.	01
<i>S-I</i>	<i>Sérfræðingur I.</i> Starfsmaður sem vinnur undir daglegri stjórn og leiðsögn yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkefna sem honum eru falin.	03
<i>S-II</i>	<i>Sérfræðingur II.</i> Starfsmaður sem hefur umsjón með verkefnum, sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Hann sinnir faglegrri ráðgjöf, þróun eða áætlanagerð í samráði við framkvæmdastjóra.	05
<i>S-III</i>	<i>Sérfræðingur III.</i> Starfsmaður sem hefur umsjón með stærri verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim	08
<i>V</i>	<i>Verkefnisstjóri.</i> Hefur umsjón með og ber ábyrgð á verk sviði sem felur í sér verkstjórn. Hann sinnir faglegrri ráðgjöf, þróun og gerir framkvæmda-áætlanir. Hann mótar stefnu verk sviðsins, skipuleggur og hefur umsjón með því.	10

Launaflokkar eru samkvæmt launatöflu sem tók gildi 1. maí 2006.

Verði ráðið í fleiri störf á fagsviði Félags íslenskra náttúrufræðinga en hér eru nefnd skal endurskoða samninginn og semja um skilgreiningu og röðun viðkomandi starfa innan þess ramma sem þau tilheyra.

3. Starfsreynsla

Með starfsreynslu í samningi þessum er bæði átt við nám og vinnu á fagsviði að loknu BSc/BA prófi.

1 ár í starfi	1 launaflokkur
3 ár í starfi	1 launaflokkur til viðbótar
5 ár í starfi	1 launaflokkur til viðbótar
10 ár í starfi	1 launaflokkur til viðbótar

4. Álögur ofan á grunnröðun

4.1 Framhaldsmenntun

Eftir B.S próf (90 ein) skal meta menntun sem hér segir:

Vegna BS prófs 120 ein.	1 launaflokkur
Vegna MS prófs	2 launaflokkar
Vegna doktorsprófs	4 launaflokkar

Viðbótarmenntun;

30 eininga skipulegt nám á háskólastigi sem nýtist í starfi: 1 launaflokkur.

4.2 Persónubundið mat

Tekið skal tillit til einstaklingsbundinna þátta sem meta skal til allt að 7 launaflokka.

Við árlegt endurmat starfa og starfskjara getur starfsmaður hækkað í launum vegna eftirfarandi þátta:

Afköst

Frumkvæði

Samskiptahæfni

Aðlögunarhæfni

Virk þátttaka út á við í kynningar- og uppfræðslustarfi

Leiðbeining og fræðsla

Vinna með nefndum, stofnunum, ráðuneytum eða samsvarandi erlendum aðilum

5. Endurmat starfskjara

Einu sinni á ári skulu störf starfsmanns/starfskjör metin sameiginlega og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækkunar á röðun hans innan ramma skv. gr. 2-4 í samningi þessum og með tilliti til þess hvort starf skuli færð til annars starfaflokks (starfsheiti). Yfirmaður boðar enn fremur hvern starfsmann á fund til að ræða starf og starfssvið hans.

6. Endurmat röðunar

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur samstarfsnefndar um röðun, á hann rétt á því að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar skv. 11. kafla núgildandi kjarasamnings FÍN og Fjármálaráðherra, dags. 18 mars 2005.

7. Greiðslur vegna umsjónar sérstakra verkefna, félagastarfs og kynningar.

Greiða má starfsmanni sérstakar greiðslur vegna umsjónar sérstakra verkefna, öflunar verkefna, eflingar fræðslustarfs, samvinnu og rannsókna er ætla má að styrki ímynd félagsins og auki getu þess til þess að ná markmiðum sínum og efla skógrækt og félagsumhverfi.

8. Sveigjanlegur vinnutími

Starfsmenn skulu eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma í samráði við yfirmann. Þegar vinnuskylda hefur verið uppfyllt skal starfsmaður eiga kost á að taka yfirvinnu út í fríi í

samráði við yfirmann og skal frítökutími hafa ígildi yfirvinnu í tímalengd. Gefist starfsmanni ekki kostur á að nýta sér uppsafnaðan frítökurétt, skal hann greiddur út í árslok.

9. Hlífðarfatnaður

Félagið (SÍ) sér starfsmönnum fyrir nauðsynlegum hlífðarfatnaði við vinnu þeirra og endurnýjar eftir eðlilegt slit eða óhöpp. Hlífðarfatnaður falli að þörfum hvers starfs og getur verið einstaklingsbundinn eða samnýttur. Dæmi um einstaklingsbundinn hlífðarfatnað er vind- og regnheldur göngujakki og buxur (goretex eða sambærilegt), gönguskór, flíspeysa, húfa og vettlingar. Dæmi um samnýttan hlífðarfatnað er vöðlur, rannsóknasloppur, gúmmístígvél, gúmmígalli og gúmmihanskar.

10. Ákvæði um endurskoðun

Aðilar eru sammála um að endurskoða stofnanasamning þennan árlega ef annar hvor aðili óskar þess.

11. Gildistími

Stofnanasamningur þessi tekur gildi 1. maí 2006.

Reykjavík, 04. apríl 2007

F.h. Skógræktarfélags Íslands



f.h. Félags ísl. náttúrufræðinga

